



# Endir og upphaf, sköpun og umbreyting

● Allir salir Hafnarhússins hafa verið lagðir undir samsýninguna **Iðavöllur** ● Fjórtán listamenn sem falla á milli X- og Y-kynslóðanna sýna ný verk ● Það er margt sem hringsnýst eða er á iði í rýminu

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Viðamikil samsýning, **Iðavöllur**, var opnuð um liðna helgi í öllum söllum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi. Titillinn er sóttur í Völuspá því æsir hittust á Iðavelli við frumsköpun heimsins og komu síðan aftur saman að loknum ragnarökum til að skapa nýja heimsmynd, eins og segir á vef safnsins. Iðavöllur Hafnarhússins er sagður vettvangur skapandi listamanna í hringið umbreytinga við upphaf nýrrar þúsaldar og þema sýningarinnar skapandi og umbreytandi kraftur sem búi í vinnu listamanna og endurspeglir fjölbreytt viðfangsefni á tímum tæknilegra og félagslegra umbreytinga.

## Í vexti og blóma

Listamennirnir fjórtán sem verk eiga á sýningunni eru álitnir leiðandi afl sinnar kynslóðar meðal þeirra sem eru í hvað mestum vexti og blóma á sínum ferli. Eru þeir sagðir endurspeglar viðfangsefni og nálgun samtímans. Þessi tiltekna kynslóð listamanna fellur á milli hinna svokölluðu X- og Y-kynslóða og muna því tímana tvenna, þá sem við lifum nú og þá sem voru fyrir netvæðingu, snjallsíma, samskiptamiðla og aðrar stafrænar byltingar. Þetta eru „fulltrúar kynslóðar sem tekst á við aukinn hraða, meira upplýsingaflæði, óljósari landmæri, reikult kyngervi, breytt samskiptamynstur, nýja tækni – allt á meðan þau muna á eigin skinni það sem áður var;“ eins og segir á vef safnsins og að listafólkið upplífi endalok heimsins í vissum skilningi og leggi sitt af mörkum við nýtt upphaf.

Sýningarstjórar eru Aldís Snorradóttir, Markús Þór Andrésson og safnstjórinn Ólöf Kristín Sigurðardóttir.

## Brotnar rúður

Aldís segir sýninguna teygja sig um allt safn, meira að segja gluggana. Vegna framkvæmda í Tryggvagötu er nú gengið inn í safnið um portið við hlið Tollhússins og hefist sýningin því í raun þar. „Við erum algjörlega búin að



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Hringrás** Hluti af verki Önnu Rúnar Tryggvadóttur sem sótti í það tré í Heiðmörk. Þau eru á mótum sem snúast.



**Umfangsmikil** „Við erum algjörlega búin að snúa öllu á hvolf,“ segir Aldís Snorradóttir um sýninguna í Hafnarhúsinu. Þau Markús Þór Andrésson og safnstjórinn Ólöf Kristín Sigurðardóttir eru sýningarstjórar.

snúa öllu á hvolf,“ segir Aldís um sýninguna. Í portinu megi sjá skúlptúr eftir Evu Ísleifs, skúlptúr í líki bursta-bæjar á hjólum sem hægt sé að ýta

áfram og fer hann þá í hringi um rýmið.

Í portinu má einnig sjá verk Arnar Alexanders Ámundasonar, „Lista-

## LISTAMENNIRNIR

### 14 sýna á Iðavöllum

Þessir listamenn eiga verk á Iðavöllum:

Anna Júlía Friðbjörnsdóttir  
Anna Rún Tryggvadóttir  
Arna Óttarsdóttir  
Arnar Ásgeirsson  
Bjarki Bragason  
Dodda Maggy  
Elín Hansdóttir  
Eva Ísleifs  
Guðmundur Thoroddsen  
Hildigunnur Birgisdóttir  
Páll Haukur Björnsson  
Rebecca Erin Moran  
Styrmir Örn Guðmundsson  
Örn Alexander Ámundason

safnið er brotið“. „Hann er búinn að líma filmur í alla gluggana eins og glerið sé brotið og svo varúðarlímband yfir, rautt og hvítt, líkt og starfsmenn safnsins hafi komið og reynt að bjarga einhverju. Hann er dómínerandi á öllu gleri í húsinu sem er töluvert af,“ segir Aldís. Hún nefnir að Örn hafi fengið þessa hugmynd löngu áður en jarðskjálftarnir hófust í aðdraganda eldgossins á Reykjanesi. Aldís segir þessa blekkingu Arnar hafa virkað svo vel að einhverjir gestir hafi trúað því að rúðurnar í safninu væru brotnar og haft orð á því að skipta þyrfti um þær.

## Breiddin mikilvæg

Listafólkið á sýningunni er allt fætt undir lok áttunda áratugarins eða í byrjun þess níunda og Aldís segist sjálf vera af þessari kynslóð, þeirri sem falli á milli „analog“ og „digital“ tækninnar. „Við reyndum líka að velja dálítið breiðan hóp, listamenn sem

væru að vinna í ólíka miðla og sýna frekar breiddina á þeim verkum sem þetta fólk er að gera. Okkur fannst líka mikilvægt að gefa öllum gott rými til að vinna þannig að þetta eru allt ný og nýleg verk, stórar innsetningar og allir að gera sitt allra besta og gera eitthvað magnað,“ segir Aldís.

Hún er spurð að því hvort ekki hafi þurft að fórnar mörkum listamönnum sem komnir voru á blað. „Jú, þetta var alveg erfitt val,“ svarar Aldís. Hún, Markús og Ólöf hafi hvert um sig búið til lista yfir nöfn, borið saman bækur sínar og athugað hvaða nöfn komu fyrir á öllum listunum. „Við reyndum að velja breiddina frekar af því maður þarf alltaf einhvern veginn að takmarka sig. Við lögðum upp með að þetta yrðu mögulega færri listamenn en stækkuðum svo hópinn og tókum þá yfir alla salina.“

## Ósjálfrátt þema

Mörg verka sýningarinnar eru unnin beint í rýmið eða með það í huga og má sem dæmi nefna Elínu Hansdóttur sem vinnur beint með arkitektúr hússins, súlurnar í sýningarsölum. „Hún hefur unnið með þær sem efnivið, skapað fleiri súlur, tekið ljósmyndir sem sýna þær frá ýmsum sjónarhornum í mismunandi skala,“ útskýrir Aldís og er í framhaldi spurð að því hvort listamennirnir hafi unnið út frá þema eða haft algjörlega frjálsar hendur. „Við leyfðum þeim að hafa frjálsar hendur en vissulega er heiti sýningarinnar Iðavöllur,“ svarar Aldís og því hafi verið tenging fyrir við Völuspá, endalok heimsins og nýtt upphaf. „Það var áhugavert hvað listamennirnir tóku ósjálfrátt inn eitthvert þema þannig að margir fóru að vinna með eitthvað á iði. Það er margt sem hringsnýst eða er á iði í rýminu. Hringurinn og að fara í hringi varð óvænt stef og svo byrjuðu verkin bara að tala saman,“ segir hún.

## Náttúran áberandi

Aldís segir listamennina vinna í ólíka miðla, m.a. gamalgróna á borð við textíl og að umfjöllunarefni séu af ýmsu tagi. Náttúran sé til að mynda áberandi sem og loftslagsmál. „Anna Rún Tryggvadóttir kemur með náttúruna inn, bókstaflega, með sex tré sem hún fann í Heiðmörk og kom fyrir á stórum mótum sem snúast. Öll trén snúast og stýra því dálítið hvernig maður fer um rýmið. Það var alltaf ákveðið hjá henni að finna tré í Heiðmörk og svo kviknuðu þær gróðureldar og fannst henni áhugavert að tækla það líka og því eru nokkur trjána sviðin. Þegar maður kemur þarna inn tekur á móti manni sterk gróðurlykt og við munum sjá laufin falla og þessa hringrás náttúrunnar,“ segir Aldís.

En var ekkert mál að fylla öll þessi rými í þessu stóra safni, Hafnarhúsinu? „Það hefði alveg verið ágætt að hafa meira pláss,“ segir Aldís kímín. Hugmyndirnar og innsetningarnar hafi orðið það stórar að vandræðalaust hafi verið að fylla rýmið. „Það var bara æðislegt að geta gefið öllum svona gott rými og það er næstum því eins og þarna séu fjórtán einkasýningar í einni samsýningu sem tala allar saman.“ Sýningunni lýkur 17. október.



**Fjölbreytileg** Hluti verks Elínar Hansdóttur sem vinnur beint með arkitektúr hússins, súlurnar í sýningarsölum, og hefur meðal annars bætt við súlum.